



Borgarráð

Tillaga um stuðning við íþrótt- og æskulýðsfélög vegna Covid-19

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 26. mars 2020 fyrstu aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid 19. Í aðgerðunum felist m.a. að unnar verði tillögur um aðgerðir og viðspyrnu í menningar-, íþrótt- og listalífi Reykjavíkurborgar í samvinnu við bandalag íslenskra listamanna, Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) ofl. ÍTR og ÍBR hafa sameiginlega verið í samskiptum við íþrótt- og æskulýðsfélög í borginni. Sendur var spurningarlisti til allra íþróttafélaga til að meta hugsanleg áhrif Covid faraldursins á starfsemi þessara aðila.

Þau atriði sem horft var til sérstaklega voru:

- Tekjutap félaga vegna útleigu eigin mannvirkja.
- Aukinn kostnaður vegna reksturs barna- og unglingastarfs.
- Viðhaldsóskir félaga vegna eigin mannvirkja.

Niðurstaðan var sú að samkomubannið hefur haft, og mun hafa, fjölþætt og neikvæð áhrif á rekstur og starfsemi íþrótt- og æskulýðsfélaga í borginni.

Í samræmi við sameiginlegar tillögur ÍTR og ÍBR er lagt til við borgarráð að veittar verði 80 m.kr. til að styrkja íþrótt- og æskulýðsfélög vegna viðspyrnu vegna Covid 19 og að veittar verði 55 m.kr. til að mæta viðhaldsókum íþrótt- og æskulýðsfélaga. Samtals nemur kostnaður við tillöguna 135 m.kr. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra viðauka við fjárhagsáætlun 2020 vegna þessa.

Þá er lagt til að ÍTR og ÍBR verði falið að útfæra tillögur vegna styrkveitinga til einstaka félaga.

Dagur B. Eggertsson